



**Háskólinn
á Akureyri**
University
of Akureyri

„Þá fara menn eins og köttur í kringum heitan graut“

Áhrif sjálfsritskoðunar á fréttaumfjöllun

Helgi Fannar Sigurðsson

Fjölmiðlafræði
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
2022

„Þá fara menn eins og köttur í kringum heitan graut“

Áhrif sjálfsritskoðunar á fréttaumfjöllun

Helgi Fannar Sigurðsson

6 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Baccalaureus Artium-prófi í fjölmiðlafræði

Leiðsögukenndari
Guðbjörg Hildur Kolbeins

Félagsvísindadeild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2022

Titill: „Þá fara menn eins og köttur í kringum heitan graut“

Stuttur titill: Áhrif sjálfsritskoðunar á fréttumfjöllun

Sex eininga bakkalárprófsverkefni sem er hluti af Baccalaureus Artium-prófi í fjölmiðlafræði.

Höfundarréttur © 2022 Helgi Fannar Sigurðsson

Öll réttindi áskilin

Félagsvísindadeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Sólborg, Norðurlóð 2

600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Helgi Fannar Sigurðsson, 2021

Bakkalárprófsverkefni,

Félagsvísindadeild, hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

24 bls.

Prentun: XX

Akureyri, 10. maí 2022

Útdráttur

Ritgerð þessi er lögð fram til BA-prófs í fjölmiðlafræði á Hug- og félagsvísindasviði við Háskólann á Akureyri. Viðfangsefnið sem er til umfjöllunar er sjálfsritskoðun blaða- og fréttamanna. Tilgangur þeirrar rannsóknar sem framkvæmd var á viðfangsefninu var að komast að því hvort að íslenskir blaða- og fréttamenn beiti sjálfsritskoðun og þá að hvaða leyti og hvernig hún hefur áhrif á fréttaumfjöllun. Farið var í gegnum fjölda eldri rannsókna á þessu sviði til þess að afla upplýsinga um bæði hugtakið sjálfsritskoðun og einnig hvernig það hefur leikið hlutverk í heimi fjölmiðla. Sjálfsritskoðun blaða- og fréttamanna um allan heim var tekin fyrir en á endanum var sérstök áhersla lögð á sjálfsritskoðun meðal íslenskra blaða- og fréttamanna. Við rannsóknina voru framkvæmd hálfstöðluð viðtöl sem síðar voru þemagreind. Rætt var við þrjú starfandi blaðamenn á tveimur af stærstu fjölmiðlum Íslands. Það sem kom í ljós var að sjálfsritskoðun fyrirfinnst á meðal íslenskra blaða- og fréttamanna, í það minnsta hjá einhverjum þeirra. Út frá viðtölunum má þá ætla að samfélagsumræða og áhrif þess hve sterk tengsl eru á milli fólks á Íslandi séu tvær af meginástæðum þess að sjálfsritskoðun er beitt á meðal íslenskra blaða- og fréttamanna.

Abstract

This thesis is submitted as part of a Bachelor of Arts degree in Journalism at the University of Akureyri. The paper at hand focuses on the subject of self-censorship and aims to find out if it is common among journalists, and if so, how it appears and affects the news media. To gather information on the subject of self-censorship, both the concept itself and its relation to the news media, the researcher looked into a variety of past papers and research. The paper initially examined self-censorship amongst news media across the world but eventually focused on the subject in relation to Icelandic news media. To examine self-censorship amongst Icelandic journalists, semi-structured interviews were carried out. The researcher spoke to three journalists that work for two of the biggest news outlets in Iceland. The interviews were then broken into themes. Drawing from the interviews, one can assume that self-censorship is common amongst Icelandic journalists. Furthermore, two motives seem to play a pivotal role in order for it to occur. Public discourse is one of them. Drawing from the interviews, it seems to encourage self-censorship of Icelandic journalists to a great extent. The other one is close relations between people in Icelandic society.

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	1
2	HLUTVERK OG SKYLDUR BLAÐAMANNA	1
3	SKILGREININGAR OG FYRRI RANNSÓKNIR	3
3.1	ALMENNA HUGTAKIÐ SJÁLFSRITSKOÐUN	3
3.2	BIRTINGARMYND SJÁLFSRITSKOÐUNAR BLAÐA- OG FRÉTTAMANNA Í ALPJÓÐLEGU SAMHENGI.....	5
3.3	SJÁLFSRITSKOÐUN BLAÐA- OG FRÉTTAMANNA Á ÍSLANDI OG Í SMÆRRI SAMFÉLÖGUM	8
4	AÐFERÐAFRÆÐI	11
4.1	VAL ÚRTAKS	12
4.2	VIÐTALSRAMMI	12
5	NIÐURSTÖÐUR	13
5.1	ÁHRIF TENGLA Í LITLU SAMFÉLAGI	14
5.2	ÁHRIF TÍÐARANDA Í SAMFÉLAGINU	15
5.3	AÐRAR ORSAKIR SJÁLFSRITSKOÐUNAR	16
5.4	SJÁLFSRITSKOÐUN EIGI EKKI AÐ STANDA Í VEGI FYRIR FRÉTT	16
6	UMRÆÐA	18
7	LOKAORÐ	21
	HEIMILDIR	23

1 INNGANGUR

Blaða- og fréttamenn myndu líklega flestir halda því fram að þeir starfi eftir hagsmunum almennings og eigin sannfæringu eftir fremsta megni. Það er þó áhugavert að skoða þær hindranir sem geta staðið í vegi fyrir þeim er kemur að því að koma frá sér efni eins og blaða- og fréttamenn myndu helst vilja gera það. Þó svo að það sé ef til vill ýmislegt sem þar spilar inn í verður hér einblínt á sjálfsritskoðun blaðamanna. Markmiðið er að komast að því hvort og hvernig áhrif slíkrar ritskoðunar hefur á íslenska blaða- og fréttamenn. Tekin voru viðtöl við þrjá blaðamenn sem starfa á tveimur af stærstu fréttamiðlum Íslands. Hér verður rýnt í niðurstöður úr þessum viðtölum ásamt því að horft verður til fyrri rannsókna um sjálfsritskoðun, jafnt á Íslandi sem og í alþjóðlegu samhengi.

Sjálfsritskoðun í sjálfu sér er ekki einfalt hugtak með eina ákveðna merkingu. Því verður það útskýrt sérstaklega áður en farið verður í það að yfirfæra hugtakið á fjölmiðla og fjallað um hvernig það birtist þar. Komið verður inn á sjálfsritskoðun víðs vegar um heiminn og sýnt fram á hversu mikill munur getur verið á sjálfsritskoðun eftir því hvar í heiminum um ræðir. Sjálfsritskoðun getur komið til af góðu eða illu - og öllu þar á milli. Þá geta afleiðingar hennar einnig verið ansi breytilegar. Það má segja að hér verði sjálfsritskoðun skoðuð í þrenns konar umhverfi. Í fyrsta lagi verður hún skoðuð í alþjóðlegu samhengi, án landamæra. Svo verður farið í það að skoða sérstaklega sjálfsritskoðun á Íslandi og öðrum smærri samfélögum út frá fyrri rannsóknum á þessu sviði. Loks verður rætt beint við þrjá íslenska blaðamenn um reynslu þeirra af hugtakinu og hvernig það horfir við þeim.

Út frá því efni sem rannsakandi hafði áhuga á að skoða nánar er varðar sjálfsritskoðun og út frá punktunum hér að ofan varð niðurstaðan sú að best væri að láta eftirfarandi spurningar leiða rannsóknina:

- Beita blaða- og fréttamenn sjálfsritskoðun?
- Ef svo er, hverjir eru helstu þættir sem leiða til sjálfsritskoðunar íslenskra blaða- og fréttamanna?
- Ef sjálfsritskoðun er beitt, á hvaða hátt litar hún störf íslenskra blaða- og fréttamanna?

2 HLOTVERK OG SKYLDUR BLAÐAMANNA

Áður en lagt er af stað í rannsókn á því hvort að sjálfsritskoðun tíðkist á meðal blaða- og fréttamanna er mikilvægt að skoða nokkur af þeim helstu hlutverkum sem þeir gegna, sem og skyldum sem þeir bera. Þannig má ef til vill setja ákveðinn fyrirvara á að kalla eitthvað sjálfsritskoðun sem hugsanlega fellur undir hlutverk blaðamanns, eða á hinn bóginn sjá hvenær blaðamaður fer gegn hefðbundnu hlutverki sínu og kollega sinna og beitir sjálfsritskoðun.

Í gegnum tíðina hefur verið lögð áhersla á það að rekstur fjölmiðla sé svo að blaðamenn hafi frelsi til að vinna sína vinnu án mikilla takmarkanna. Þó hefur það verið talið mikilvægt að blaða- og fréttamenn vinni sína vinnu án þess að skaða aðra, í það minnsta að óþörfu. Til að mynda eiga þeir ekki að særa æru annara með fullyrðingum eða frétttaflutningi sem ekki er fótur fyrir. Einnig skal friðhelgi einkalífs vera virt (Ólafur Eiríkur Þórðarson, 2018). Denis McQuail, breskur kenningasmiður, sagði fimm atriði mikilvægust er kemur að hlutverkum fjölmiðla: upplýsingagjöf, fylgni, framvinda, afþreying og virkni (Hanitzsch og Vos, 2018).

Í rannsókn sem fram fór á árunum 2007 til 2009 og var framkvæmd í 21 landi á meðal mikils fjölda blaða- og fréttamanna var það meðal annars tekið fyrir hvernig þeir sjálfir sæju sitt hlutverk í samfélaginu. Þar kom fram að blaða- og fréttamenn líta á sig sem hlutlausar varðhunda og að þeir ættu að sjá almenningi fyrir upplýsingum sem hann þyrfti á að halda til að taka pólitískar ákvarðanir. Þrátt fyrir þessa skilgreiningu þá er það ekki svo að blaðamennirnir telji þetta sitt eina hlutverk. 75-80% þeirra sem tóku þátt í könnuninni voru á þeirri skoðun að mikilvægt væri einnig að bjóða lesendum upp á skemmtun og afþreyingu sem og að reyna að ná til sem flestra (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2012). Ljóst er að það næðist ekki ef efni miðla væri aðeins pólitískt og aðeins það sem almenningur þyrfti á að halda myndi birtast.

Í 5. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands kemur meðal annars fram að hagsmunir lesenda eigi alltaf að vera í fyrsta sæti hjá blaðamanni. Þar kemur einnig fram að blaðamaður eigi alltaf að skrifa með eigin sannfæringu að leiðarljósi (BÍ, e.d.). Það er mikilvægt að hafa

Þessi atriði í huga þegar sjálfsritskoðun er annars vegar þar sem hún getur hindrað það að blaðamenn fylgi þessum reglum.

3 SKILGREININGAR OG FYRRI RANNSÓKNIR

Í þessum kafla verður fjallað um hvað hugtakið sjálfsritskoðun er í grunninn, hvernig hún er öðruvísi en hefðbundin ritskoðun, hvernig má skipta henni niður í flokka, hvað orsakar hana og hvernig henni er beitt. Sérstök áhersla verður lögð á sjálfsritskoðun blaða- og fréttamanna. Fyrst verður farið yfir sjálfsritskoðun almennt og hvernig hún birtist á alþjóðlega vísu. Því verður svo fylgt eftir með umfjöllun um sjálfsritskoðun blaða- og fréttamanna í minni samfélögum, með sérstakri áherslu á Ísland.

3.1 Almenna hugtakið sjálfsritskoðun

Sjálfsritskoðun er fremur algengt hugtak og heyrir það gjarnan í umræðu um fjölmiðla, s.s. blaða- eða fréttamenn. Sjálfsritskoðun er í grunninn ákvörðun þess sem hana framkvæmir. Með henni ákveður einstaklingur að tjá sig ekki um hvað það sem kann að vera sjálfsritskoðað. Sjálfsritskoðun er gjarnan keyrð áfram af ótta þess sem skrifar eða tjáir sig við viðbrögð annarra. Fyrir sjálfsritskoðun geta þó verið margar ástæður og nær hugtakið langt út fyrir fjölmiðla þó svo að áhersla sé lögð á þá og fólk sem í þeim starfar í þessari ritgerð. Maki sjálfsritskoðar sig til að halda friðinn á heimilinu, kennari sjálfsritskoðar sig til að brjóta ekki sjálfmynd nemanda, blaðamaður sjálfsritskoðar sig til að fara ekki gegn stefnu blaðsins sem hann vinnur fyrir o.s.frv. (Horton, 2011).

Ritskoðun lýsir sér gróflega þannig að með henni er verið að skerða frelsi einhvers til að tjá sig að fullu. Í grunninn er henni beitt til þess að koma í veg fyrir að einstaklingur láti í ljós ákveðnar hugmyndir eða skoðanir. Þegar um ritskoðun er að ræða hefur sá sem er ritskoðaður ekki val um það hvað hann segir/skrifar eða hvort hann geri það (Çipuri, 2015). Sjálfsritskoðun lýsir sér að mörgu leyti eins en hún inniheldur samt sem áður mikilvægt atriði sem breytir heildarmyndinni: sá sem ritskoðar og sá sem er ritskoðaður er einn og sami aðillinn (Horton, 2011) og það er val hans að beita henni. (Çipuri, 2015). Að því sögðu skrifa þeir Cook og Heilmann (2013) að skipta megi sjálfsritskoðun í tvo flokka. Í íslenskri þýðingu Birgis Guðmundssonar (2015) nefnir hann þá innri og ytri sjálfsritskoðun. Ef einhver takmarkar það hvernig hann tjáir sig eða hvað hann birtir vegna einhvers sem kemur frá honum og er án

utanaðkomandi áhrifa er um innri sjálfsritskoðun að ræða. Ef að sjálfsritskoðunin kemur hins vegar til vegna utanaðkomandi áhrifa er um ytri sjálfsritskoðun að ræða (Cook og Heilmann, 2013). Það er þó mikilvægt að hafa í huga þrátt fyrir að talað sé um utanaðkomandi þrýsting í þessu samhengi að þá eru engin formleg utanaðkomandi áhrif sem valda sjálfsritskoðuninni. Einstaklingur beitir henni samt sem áður, þá hugsanlega vegna áhrifa sem hann skynjar eða því um líkt (Bar-Tal, 2017). Ef tvískiptingin á hugtakinu sjálfsritskoðun sem minnst var á hér á undan er heimfærð á umræðuna um það sem hefur verið skrifað og rannsakað um sjálfsritskoðun almennt er óhætt að fullyrða að eldri rannsóknir (Bar-Tal 2017, Kenny og Gross 2008, Yesil 2014) sem skoðaðar voru yfir þessa rannsókn falli oftast undir „ytri sjálfsritskoðun.“ Þess má þó geta að það er síður en svo minnst á þessa tvískiptingu í öllum rannsóknum og greinum um sjálfsritskoðun. Hér verður ekki ákvarðað hvor hluti hugtaksins verður tekinn fyrir. Öllu heldur verða báðir hafðir í huga við gerð rannsóknarinnar.

Samkvæmt Horton (2011) má finna bæði jákvæðar og neikvæðar hliðar þess að einstaklingur ákveði að ritskoða sig. Þær jákvæðu eru til að mynda þær að einstaklingur sem hana stundi hafi góða stjórn á sér og sýni af sér sjálfsbjargarviðleitni. Þá skrifaði Miller (2005) að í siðmenntuðu samfélagi þyrfti fólk stundum að ritskoða sjálft sig með því að til dæmis bæla niður sínar sterkustu tilfinningar. Á hinn bóginn má færa rök fyrir því að einstaklingur sem beitir sig sjálfsritskoðun beri með sér einkenni heiguls, sé veikburða, hlédrægur o. s. frv. Samkvæmt grein Birgis Guðmundssonar (2015) má skilja það sem svo að innri sjálfsritskoðun, sem nefnd var hér á undan, passi frekar við þær jákvæðu hliðar sem Horton fjallar um á meðan ytri sjálfsritskoðunin passi öllu heldur við þær neikvæðu hliðar sjálfsritskoðunar sem Horton nefnir. Þetta er undirstrikað með þeirri tilvísun sem er hér að neðan:

Innri og ytri sjálfsritskoðun vísa því í raun til gjörólíkra hluta. Innri sjálfsritskoðun hefur meira með höfundareinkenni, upplag, siðferðisstöðu og faglega sýn að gera á meðan ytri sjálfsritskoðun felur í sér að menn hafa látið undan og innbyrt takmarkanir sem þeir skynja utan frá. (Birgir Guðmundsson, 2015)

Tilvísunin hér að ofan rímar vel við almenna umræðu um sjálfsritskoðun. Það er gjarnan talað um sjálfsritskoðun sem neikvæða, eða beinlínis hættulega, líkt og komið var inn á í grein Daniel Bar-Tal (2017) um hugtakið. Ætla má að það komi til vegna þess að almennt er fjallað um sjálfsritskoðun á þann hátt sem mætti telja til „ytri sjálfsritskoðunar“ og ber gjarnan með sér neikvæðari hliðar hugtaksins.

Sjálfsritskoðun getur vissulega komið til vegna utanaðkomandi áhrifa. Þrátt fyrir það er fín lína sem skilur að sjálfsritskoðun sökum utanaðkomandi áhrifa annars vegar og svo ritskoðun hins vegar. Sem dæmi er það ekki sjálfsritskoðun ef einhver sleppir því að tjá sig um eitthvað vegna beinna skipana eða hótana. Það er vegna þess að það eru gjörðir annarra sem hafa áhrif á að einstaklingur takmarki sig að einhverju leyti, þ. e. hann er ekki að ritskoða sig að eigin frumkvæði eða af völdum einhvers óformlegs sem hann finnur fyrir. Ef það er hins vegar óformlegur þrýstingur sem skapar þessa hræðslu má kalla það sjálfsritskoðun. Sjálfsritskoðun í sinni hreinustu mynd er frekar það þegar einstaklingur takmarkar sig þar sem hann grunar að það sem hann skrifar eða segir gæti komið sér illa, eða hann finnur fyrir einhverri stemningu í loftinu sem spilar inn í ákvörðun hans um að tjá sig ekki að fullu (Horton, 2011). Þetta getur líka átt við þegar einstaklingur ritskoðar sig að eigin frumkvæði, til dæmis með faglega sýn í huga (Birgir Guðmundsson, 2015). Það má því setja það fram sem svo að hugtakið sjálfsritskoðun vegna utanaðkomandi áhrifa (ytri sjálfsritskoðun) eigi við þegar um óbein áhrif að utan er að ræða. Það er þá öllu heldur ritskoðun ef að aðili vinnur eftir beinum tilmælum, skilaboðum eða jafnvel hótunum. Að því sögðu geta utanaðkomandi áhrif „gengið ansi langt“ án þess að fara frá því að orsaka sjálfsritskoðun og að beinlínis ritskoða einstakling. Til að útskýra þetta nánar má taka dæmi úr grein um sjálfsritskoðun í fjölmiðlum í Tadsíkistan. Þar er talað um að sjálfsritskoðun sé mikið beitt og að algengt sé að blaðamenn fái símtal með sterkum vísbendingum um hvað þeir megi eða megi ekki skrifa um (Kenny og Gross, 2008). Þar er um mjög sterk utanaðkomandi áhrif að ræða þó svo bein ritskoðun eigi sér ekki enn stað.

3.2 Birtingarmynd sjálfsritskoðunar blaða- og fréttamanna í alþjóðlegu samhengi

Til er töluverður fjöldi af greinum, rannsóknum og gögnum sem sýnir fram á hvernig sjálfsritskoðun kemur fram hjá blaða- og fréttafólki (Birgir Guðmundsson 2015, Guðbjörg Hildur Kolbeins 2012, Kenny og Gross 2008). Þá hefur einnig verið mikið rætt og ritað um hugsanlegar ástæður fyrir henni. Þær geta verið allt frá því að blaðamenn sleppi því að fjalla um eitthvað mál af ótta við að missa starf sitt eða láta lífið til þess (Çipuri, 2015) að þeir telji að fréttin þeirra muni ekki fá nógu mikla lesningu (Birgir Guðmundsson, 2015). Komið verður nánar inn á þessi atriði síðar. Það er ljóst að samkvæmt ýmsum rannsóknum sem gerðar hafa

verið að sjálfsritskoðun er sannarlega stunduð víða hjá blaðamönnum. Samkvæmt rannsókn sem gerð var hjá *Pew Research Center* í samstarfi við *Columbia Journalism Review* (2000) var sjálfsritskoðun blaðamanna þegar orðin algeng á þeim tíma sem rannsóknin var gerð og henni beitt reglulega. Þá kom það fram í rannsókn frá árinu 2012 að svo gott sem annar hver blaðamaður sagði sjálfsritskoðun hafa mikil áhrif á störf sín (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2012). Ljóst er að hér verður ekki skrifaður fullnægjandi listi yfir atriði sem leika hlutverk í ytri sjálfsritskoðun blaðamanna heldur aðeins farið yfir margar af þeim algengu ástæðum sem leiða hana af sér.

Ein ástæða þess að blaðamaður gæti stundað sjálfsritskoðun er af fjárhagslegum toga. Slíkt gæti til að mynda komið upp til að þjóna auglýsendum og, um leið, miðlinum sem blaðamaður starfar á þar sem tekjur fréttamiðla koma að stærstum hluta til frá auglýsendum (Holcomb and Mitchell, 2014). Dæmi um sjálfsritskoðun vegna fjárhagslegra ástæðna getur því til dæmis verið það þegar blaðamaður skrifar ekki frétt þar sem honum þykir hún of flókin eða leiðinleg. Er þetta algengt (Pew Research Center, 2000), svo algengt að í rannsókn *Pew Research Center* (2000) sögðu 77% þátttakenda að stundum eða oft sneiði blaðamenn hjá slíkum fréttum. Í þessari sömu rannsókn sögðu 35% þátttakenda að fréttir sem hafa slæm áhrif á fjárhag miðilsins sem blaðamenn vinna fyrir verði ekki fluttar. 29% þátttakenda sögðu þá að blaðamenn myndu ekki flytja fréttir sem hefðu slæm fjárhagsleg áhrif fyrir auglýsendur. Þá geta blaðamenn einnig ritskoðað sig með tilliti til eigin fjárhags og möguleika á sviði fjölmiðla. Ritstjórar eru nefnilega gjarnir á að vilja starfa með blaðamönnum sem eru með svipaðar skoðanir og þeir sjálfir. Þeir eru því líklegri til að veita þeim blaðamönnum aukin fríðindi, eins og stöðu- og/eða launahækkun (Guðný Hrund Karlsdóttir, 2021).

Önnur orsök sjálfsritskoðunar, sem er að mörgu leyti skyld þeirri sem nefnd var hér á undan, er hagsmunatengd. Það er þegar blaðamaður ritskoðar sig, kýs að tjá sig ekki eða flytja frétt til að vernda einhverja hagsmuni. Í rannsókn *Pew Research Center* (2000) taldi 61% þátttakenda að eigendur fréttamiðla hefðu í hið minnsta einhver áhrif á fréttir sem birtast á þeim. Það er einmitt þekkt í sjálfsritskoðun að einstaklingur ritskoði sig til þess að vernda einhvern sem tilheyrir sama hópi og hann (Bar-Tal, 2017). Í þessu tilfalli væru það eigendur fréttamiðils. Til eru dæmi um áhrif eigenda fréttamiðla í sögunni. Ástralski auðjöfurinn Robert Murdoch og hans áhrif sem eigandi *The Sun* eru til að mynda talin hafa átt stóran þátt í velgengni Verkamannaflokks Tony Blair í Bretlandi árið 1997 (Sturges, 2008). Hagsmunatengd

sjálfsritskoðun getur þá einnig átt við um þegar blaðamaður skrifar ekki um eitthvað til að vernda eigin hagsmuni, hagsmuni þriðja aðila eða annarra hópa (Bar-Tal, 2017).

Sem fyrr segir kemur sjálfsritskoðun blaða- og fréttamanna til af mjög mismunandi ástæðum. Sumar eru öllu alvarlegri, ef svo má segja, en aðrar. Það kemur nefnilega fyrir úti í heimi að blaðamenn ritskoði sig af ótta við alvarlegar og áþreifanlegar afleiðingar, til dæmis af ótta við að vera hreinlega myrtir. Líflátshótanir eru einmitt með helstu orsökum sjálfsritskoðunar á heimsvísu (Yesil, 2014). Árið 2015 réðust menn á vegum Al-Qaeda inn á ritstjórnarskrifstofur skopmyndatímaritsins Charlie Hebdo í París. Þar drápu þeir ellefu manns. Var ástæðan fyrir því að blaðið hafði birt skopmyndir af spámanninum Múhameð. Í kjölfarið ákvað Jyllands-Posten á Jótlandi í Danmörku að endurbirta ekki teikningar af spámanninum vegna hörmunganna í París. Er þetta gott dæmi um sjálfsritskoðun vegna ótta um eigið öryggi eða líf. Þá hafa ákveðnir blaðamenn, sér í lagi kvenkyns blaðamenn og þeir sem fjalla um viðkvæm mál, orðið fyrir áreiti á internetinu vegna skrifa sinna. Varð þetta vandamál sérstaklega stórt með aukinni tækni og netfréttum í meiri mæli (Zuffova og Carlini, 2021). Annað alvarlegt dæmi sem gæti ýtt undir að blaðamenn ritskoðuðu sig er þeir fjalla um ákveðin málefni er það þegar blaðamaðurinn Jamal Khashoggi var myrtur fyrir að fjalla á gagnrýninn hátt um Mohammed Bin Salman, krónprins Sádi-Arabíu árið 2018 (Biswal, 2018).

Enn ein ástæða þess að blaðamaður gæti ákveðið að ritskoða sig er ótti við viðbrögð annarra, þó svo að ekki væri um að ræða ótta um eigið öryggi eða refsingu. Það væri þá heldur vegna þess hvernig aðrir sjá blaðamanninn eftir að hann ákveður að skrifa eitthvað (Bar-Tal, 2017). Þetta getur líka átt við um ótta við að fá neikvæð viðbrögð frá yfirmönnum yfir birtingu á einhverju efni. Í margumræddri rannsókn *Pew Research Center* (2000) sögðu þrír af hverjum fjórum þátttakendum að blaðamenn finndu fyrir neikvæðum viðbrögðum frá fólki sem er í stöðu fyrir ofan þá.

Vitaskuld eru til fleiri ástæður fyrir sjálfsritskoðun í alþjóðlegu samhengi. Hér hefur þó verið farið yfir nokkrar af þeim helstu sem oft eru í umræðunni um ytri sjálfsritskoðun. Komið verður inn á enn fleiri anga sjálfsritskoðunar og hvað orsakar hana síðar í þessari ritgerð.

3.3 Sjálfsritskoðun blaða- og fréttamanna á Íslandi og í smærri samfélögum

Þó svo að hægt sé að rannsaka og fjalla um sjálfsritskoðun blaða- og fréttamanna á heimsvísu almennt er erfitt að yfirfæra alla þá þekkingu sem hlýst alfarið á öll samfélög. Hér verður lögð sérstök áhersla á sjálfsritskoðun blaðamanna á Íslandi, sem og í smærri samfélögum heimsins almennt.

Í smáum ríkjum þar sem hagkerfi eru lítil getur verið erfiðara að tryggja sjálfstæði fjölmiðla og ritstjórna þeirra vegna þess hversu viðkvæmir miðlarnir eru fyrir utanaðkomandi áhrifum. Til að útskýra þetta nánar er hægt að nota kenningu Edward Herman og Noam Chomsky um áróðurslíkanið. Hún lýsir því valdi sem utanaðkomandi aðilar hafa á störf blaðamanna. Þar er til að mynda talað um það ferli sem frétt þarf að fara í gegnum áður en hún er birt. Þar sem gjarnan þarf að eiga töluverða fjármuni til að eignast fjölmiðil getur það komið fyrir í smærri samfélögum að eignarhald fjölmiðla endi á fárra höndum og það síðan gert umfjöllun yfirborðskennda þar sem auglýsendur gætu síður viljað auglýsa í róttækum miðlum sem gætu jafnvel fjallað um fyrirtæki þeirra (Herman og Chomsky, 1988). Þá er hætta á því að fréttáflutningur á slíkum fjölmiðlamarkaði endurspegli ekki hagsmuni almennings heldur frekar eigenda fjölmiðlanna (Ólafur Eiríkur Þórðarson, 2018). Það sem ýtir undir það að kenning Herman og Chomsky (1988) eigi við um íslenskt samfélag er það að svo virðist sem að þróunin í landinu sé þannig að mjúkar fréttir séu að færast í aukana á meðan fjöldi fréttar af pólitík og efnahagsmálum fer dvínandi (Guðný Hrund Karlsdóttir, 2021).

Í rannsóknarskýrslu Alþingis sem gerð var 2010 kemur einmitt fram að sjálfsritskoðun blaðamanna á Íslandi komi að miklu leyti til vegna þess hve takmörkuð atvinnutækifæri eru á þessu sviði hér á landi (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, 2010). Ekki eru þó allir sammála um þetta. Til að mynda skrifar Birgir Guðmundsson (2015) í rannsókn sinni um sjálfsritskoðun íslenskra blaðamanna að þetta dragi fram full einfalda mynd af stöðunni þrátt fyrir að það skuli ekki vanmeta þau áhrif sem það hefur að eignarhald fjölmiðla sé á fárra höndum. Þetta var einmitt rætt við einn viðmælandann við vinnslu þessarar ritgerðar líkt og komið verður inn á hér síðar. Í rannsókn Birgis kemur einnig fram að blaðamenn aðlagist almennt vel anda og menningu vinnustaðar síns og starfi gjarnan í samræmi við ritstjórn miðilsins sem þeir starfa fyrir. Rannsókn sem framkvæmd var árið 2012

um siðferði og starfshætti íslenskra blaðamanna ýtir undir þetta og segir að ritstjórnarstefna fjölmiðilsins sem blaðamaður starfar á hafi áhrif á sjálfsritskoðun (Guðbjörg Hildur Kolbeins, 2012).

Á Íslandi virðist sem svo að samfélagsumræða hafi mikil áhrif á fjölmiðlaumhverfið. Þessi áhrif hennar má túlka bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Það að lesendur fjölmiðla hafi áhrif á frétttaflutning er jákvætt að því leyttinu til að það bendir til þess að fjölmiðlar séu að þjóna hagsmunum almennings. Það neikvæða er hins vegar að samfélagsumræðan snýr ekki endilega að því sem er mikilvægt að fram komi í fréttum. Það orsakar því ekki að almenningur sé vel upplýstur. Þetta getur orðið til þess að blaðamenn skrifi frekar það sem þeir halda að almenningur vilji lesa en ekki endilega það sem hann þarf að vita, þ.e. hvað er fréttnæmast (Birgir Guðmundsson, 2015). Þetta getur því leitt til þess að blaðamaður ritskoði sig af fjárhagslegum ástæðum, líkt og fjallað var um hér á undan, þar sem hann skrifar það sem hann telur að neytendur muni lesa og í leiðinni skili meiri auglýsingatekjum í kassann fyrir miðilinn sem hann starfar á, eða í eigin vasa ef launasamningur fer eftir lestri á fréttir viðkomandi o.s.frv. Það að blaðamaður eigi greiðari aðgang að umræðu á samfélagsmiðlum og netmiðlum getur orsakað það að hann láti ákveðin sjónarmið samfélagsins taka yfir eigin sannfæringu vegna ósýnilegs þrýstings sem hann finnur fyrir (Birgir Guðmundsson, 2015). Nánar var farið yfir þetta með viðmælendum sem rætt var við við gerð ritgerðarinnar. Þar voru tekin dæmi úr daglegu lífi blaðamanna um það sem rætt er hér. Það verður nánar komið inn á það í seinni kafla.

4 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar var eigindleg. Eigindlegar rannsóknir kafa dýpra en megindlegar (Alexandra Tómasdóttir, 2013). Það taldi henta vel fyrir þessa rannsókn þar sem hugtakið sem um ræðir er fremur vítt. Vegna þess var talið að með því að eiga opnar samræður fengjust meiri og nánari upplýsingar um sjálfsritskoðun blaða- og fréttamanna heldur en ef til dæmis spurningalisti með beinum spurningum hefði verið lagður fyrir.

Sú eigindlega aðferð sem varð fyrir valinu hér var sú að taka hálfstöðluð viðtöl við fólk sem taldist henta vel til að svara spurningum um viðfangsefnið og segja frá upplifun sinni af því á eigin skinni (Flick, 2009). Kom það sér vel þar sem viðmælendurnir starfa allir við blaðamennsku og upplifun þeirra af hugtakinu því mikilvægt atriði rannsóknarinnar. Hálfstöðluð viðtöl eru ekki ósvipuð stöðluðum viðtölum. Þar semja rannsakendur spurningalista og fá bein svör við þeim. Munurinn á þessum tveimur aðferðum er hins vegar sá að í hálfstöðluðum viðtölum geta rannsakendur bætt við spurningum ef þeir sjá þörf á og geta viðmælendur jafnframt komið sínu betur á framfæri (Flick, 2009).

Hálfstöðluð viðtöl krefjast alls ekki endilega minni vinnu þrátt fyrir það að hluti þeirra sé óundirbúinn. Rannsakandi þarf bæði að vera tilbúinn með nokkrar spurningar fyrir fram og að vera búinn undir það að spyrja mikilvægra spurninga þegar tækifæri gefast í umræðum við viðmælendur. Því er mikilvægt að hann hlusti vel eftir svörunum. Slíkt getur orðið til þess að áætlanir rannsakanda taki töluverðum breytingum í því ferli sem viðtölin eru. Spurningar rannsakanda í hálfstöðluðum viðtölum eru yfirleitt opnar og gefa þær viðmælendum tækifæri á að gefa löng og ítarleg svör án þess að sá sem tekur viðtalið grípi inn í. Þó það sé algengari leiðin er ekki algilt að spurningar í slíkum viðtölum séu opnar. Hluti spurninga rannsakanda getur einnig verið lokaður (Wengraf, 2001). Eftir að viðtölin höfðu verið framkvæmd út frá ofangreindum sjónarmiðum voru þau orðrétt skráð niður og lesin yfir. Svo var farið í það að finna ákveðin meginþemu í textunum - svokölluð þemagreining.

4.1 Val úrtaks

Til að fá upplýsingar um sjálfsritskoðun íslenskra blaðamanna var farin sú leið að ræða við starfandi blaðamenn á íslenskum fjölmiðlamarkaði. Notaðar voru þær rannsóknaraðferðir sem kynntar voru hér á undan. Tekin voru viðtöl við þrjú íslenska blaðamenn sem starfa á tveimur af stærstu miðlum landsins. Tveir viðmælenda voru karlar og ein kona. Voru þau sem rætt var við á aldrinum 22 til 43 ára. Starfsaldur þeirra var á bilinu þrjú til sextán ár. Samið var um það áður en viðtölin voru framkvæmd að viðmælendur myndu ekki koma fram undir nafni. Því eru þeim hér með gefin gervinöfnin Kristján, Ragnar og María.

4.2 Viðtalsrammi

Viðtölin voru byggð á spurningum sem samdar voru í þeim tilgangi að hjálpa til við að svara rannsóknarspurningunum. Rannsakandi fór af stað í viðtölin með spurningalista sem innihélt þau atriði sem talið var mikilvægast að fá svör við. Þar sem um hálfstöðluð viðtöl var að ræða var ekki gætt að því að orðalag yrði eins á milli allra viðmælenda, að spurningarnar yrðu fluttar í sömu röð eða þess háttar. Aftur á móti var megin áherslan á það að ná fram svörum við þeim spurningum sem voru á spurningalistanum. Eðli málsins samkvæmt, ef horft er til rannsóknaraðferðar, komu svo gjarnan upp nýjar spurningar hjá rannsakanda á meðan viðtölum stóð, eða þá fengu viðmælendur að leiða umræðuna á staði sem ekki hafði endilega verið gert ráð fyrir áður en lagt var af stað í viðtölin. Þau atriði sem fyrirfram var lagt upp með að koma inn á í viðtölunum voru:

- Hvort að viðmælendur teldu sjálfsritskoðun algenga á meðal blaða- og fréttamanna á Íslandi. Af hverju teldu þeir þá svo vera. Í hverju sjálfsritskoðunin væri þá fólgin.
- Hvort að viðmælendur beiti sig sjálfsritskoðun í starfi og hugsanlegar ástæður fyrir því.
- Hugsanleg áhrif smæðar íslensks samfélags á blaða- og fréttamenn.
- Hugsanleg áhrif tíðaranda í samfélaginu á störf blaða- og fréttamanna.

5 Niðurstöður

Tilgangur rannsóknarinnar var að komast að því hvort blaða- og fréttamenn beittu sjálfsritskoðun og þá komast að því hverjir helstu þættir væru sem leiddu til þess að íslenskir blaða- og fréttamenn beittu sjálfa sig ritskoðun. Við yfirferð á viðtölunum komu tvö meginþemu í ljós og verður farið yfir þau hér neðar. Auk þess verður farið yfir áhugaverða punkta sem fram komu um sjálfsritskoðun út frá annars konar ástæðum.

Allir viðmælendur höfðu einhverja þekkingu á viðfangsefninu, sjálfsritskoðun. Hún var þó mismikil á milli manna. Viðmælendur voru spurðir út í þekkingu sína á viðfangsefninu í upphafi viðtals og voru svörin frá því að viðmælendur þekktu hugtakið vel á annan bóginn og að þeir könnuðust við það á hinn bóginn. Í tveimur viðtalanna fór rannsakandi lauslega yfir skilgreiningar á sjálfsritskoðun út frá því efni sem hafði verið aflað fyrir rannsóknarvinnuna. Í því þriðja taldi viðmælandi sig hafa mikla þekkingu á hugtakinu og því var það metið svo að óþarft væri að fara nánar út í skilgreiningar í upphafi þess viðtals.

Fyrir það fyrsta voru allir viðmælendur á því að blaða- og fréttamenn beittu sig almennt sjálfsritskoðun í einhverjum mæli. Öll þau sem rætt var við sögðust einnig sjálf beita sig sjálfsritskoðun. Svöruðu þau spurningum um það játandi og án umhugsunar. Einn viðmælandinn, Kristján, tók fram að hann beitti sig sjálfsritskoðun ómeðvitað og að hann teldi það sama vera uppi á teningnum hjá öðrum blaðamönnum. Ragnar og María minntust ekki á að sjálfsritskoðun þeirra væri ómeðvitað en þó heldur ekki að hún væri meðvitað. Kristján tók það einnig fram að hann teldi í raun alla beita sig sjálfsritskoðun, blaðamenn eður ei. *„Ég held að allar okkar gjörðir séu ritskoðaðar. Við setjum á okkur mismunandi filter eftir því hvern við erum að ávarpa.“* Hann var beðinn um að lýsa þessu nánar. *„Við erum að reyna að koma einhverju frá okkur en svo er eitthvað afl innra með okkur sem takmarkar það hvernig við komum því frá okkur.“* Sem fyrr segir voru hinir viðmælendurnir sammála um að blaðamenn beittu sig sjálfsritskoðun. María tók sérstaklega fram að *„þeir sem væru komnir með einhverja reynslu af blaðamennsku“* beittu henni.

5.1 Áhrif tengsla í litlu samfélagi

Það sem var mjög áberandi í viðtölunum, og almennt fór töluverður tími í að ræða, voru áhrif smæðar íslensks samfélags á blaða- og fréttamenn. Nánar til tekið töldu viðmælendur að tengsl sem gjarnan eru í litlu samfélagi hefðu áhrif á umfjöllun og gætu jafnvel gert hana yfirborðskennnda. Það er að segja að erfiðara sé að fjalla um ákveðin mál vegna tengsla við þann sem er frétttaefnið og þess háttar.

Viðmælendurnir María og Ragnar voru einkar sannfærð um að smæð íslensks samfélags gerði blaða- og fréttamönnum oft erfiðara fyrir í umfjöllun. Ragnar sagði að lítið samfélag geti haft í för með sér kosti, eins og að það sé auðveldara að nálgast valdafólk sem blaðamaður en í stærri samfélögum. Hann lagði þó meiri áherslu á gallana. Hann sagði oft erfitt að fjalla um ákveðin mál þar sem algengt væri að blaðamaður þekki til hjá þeim sem fjallað er um. Að sögn Ragnars flækist smæð samfélagsins sérstaklega fyrir í erfiðum og viðkvæmum málum. „*Þetta er frændi þinn eða maður frænku þinnar eða hvað sem er. Þá fara menn eins og köttur í kringum heitan graut.*“

María tók í svipaðan streng. „*Ég held það sé auðveldara að vera meðvirkur. Það er kannski ekkert endilega þannig að þú sem blaðamaður tengist einhverjum en þú veist, þekkirðu frænda einhvers?*“ Hún tók þingfréttaritara sem dæmi. Hún minntist á það að þeir sem við það starfa virðist verði „mýkri“ með tímanum. „*Ég hef séð fólk koma nýtt inn sem þingfréttaritarar og þá er það oft aðeins harðara. En hinir verða svona samdauna stemningunni.*“ María sagði að ástæðan fyrir þessu væri líklega sú að þingfréttaritararnir ættu erfitt með að ganga hart að þingmönnum sem þeir starfa með alla daga og þurfi að halda góðum tengslum við til að afla sér áfram upplýsinga til fréttanotkunar. María nefndi fleiri dæmi úr íslensku samfélagi, til að mynda menningarumfjöllun. „*Hún er oft svolítið meðvirk, af því við erum svo fá. Listagagnrýnendur eru bara hakkaðir í það ef þeir eru að segja ljóta hluti, oft er það þannig sko.*“

Kristján var sammála um að tengsl milli fólks í íslensku samfélagi geti haft áhrif. Hann tók þó ekki jafn djúpt í árina og hinir viðmælendurnir. „*Í einhverjum tilfellum, að fólk viti alltaf að einhver sé frændi frænda síns. Það hefur eflaust einhver áhrif.*“

Dæmin sem María nefnir gefa sterklega til kynna að á ákveðnum sviðum íslenskra fjölmiðla þurfi blaða- og fréttamenn að vera meðvirkari til þess að „haldast í leiknum.“ Þá gefa

svör þeirra Ragnars og Maríu einnig sterklega til kynna að blaðamenn eigi það til að fjalla öðruvísi um mál ef einhver sem þeir þekkja hafa tengsl við þann sem er til umfjöllunar.

5.2 Áhrif tíðaranda í samfélaginu

Annað atriði sem áberandi var að viðmælendur teldu hafa áhrif og stuðla að sjálfsritskoðun íslenskra blaða- og fréttamanna er tíðarandinn í samfélaginu hverju sinni, þ.e. að umræða í samfélaginu og þess háttar geti litað störf þeirra á einn eða annan hátt.

Viðmælandinn Ragnar sagði samfélagsumræðu ósjálfrátt fara inn í hausinn á blaðamönnum. Hann sagði að vegna þess endurspegluðu fjölmiðlar yfirleitt það sem væri um að vera í samfélaginu hverju sinni. Kristján sagði þá sem starfa við blaða- og fréttamennsku ekki algjörlega hlutlausar frekar en aðra þegna samfélagsins. Því sé ekki hjá því komist að þeir fylgi tíðaranda þess. Hann taldi miklar líkur á að þetta hefði áhrif á umfjöllun í fréttamiðlum. Kristján sagði jafnframt að þrátt fyrir að auðvelt sé að elta samfélagsumræðuna sem almennt ríkir í umfjöllun beri fjölmiðlum skylda til að vera fulltrúar fleiri skoðana. „Þó að einhver skoðun sé ráðandi á alls konar að fá að heyrast.“ Kristján benti einnig á að ráðandi skoðun í samfélaginu sé ekki alltaf óumdeilanlega rétt. Þá bætti hann því við að minnihlutahópar séu gjarnan háværir í ákveðnum málaflokkum og því geti þeir litað umfjöllun umfram raunverulegt vægi þeirra í samfélaginu.

Þá sagði viðmælandinn María að mikilvægt væri að inn á ritstjórnnum fjölmiðla séu fjölbreyttar skoðanir sem endurspeglar sem flestar hliðar samfélagsins. „Það er mikill kostur, sérstaklega því minni sem ritstjórnir eru, að fólkið sé ólíkara, að það séu ólíkar hugmyndir að koma að borðinu.“ Hún sagði jafnframt að alls ekki væri sjálfsagt á íslenskum ritstjórnnum að slíkur fjölbreytileiki sé til staðar.

Það er því nokkuð ljóst að samfélagsumræða og tíðarandi lita störf blaða- og fréttamanna á Íslandi. Miðað við ummæli Maríu er þó hægt að takmarka að hvaða leyti þetta stuðlar að sjálfsritskoðun blaðamanna. Með því að hafa starfandi ritstjórn á miðli sem er fjölbreytt og endurspeglar fleiri anga samfélagsins er hægt að minnka líkurnar á því að umfjöllun verði einsleit og að blaðamenn sjálfsritskoði sig að því leyti að þeir skrifi út frá einni ráðandi skoðun.

5.3 Aðrar orsakir sjálfsritskoðunar

Þó svo að þau tvö þemu sem fjallað var um hér á undan sé það sem hafi tekið mest pláss í viðtölunum sem tekin voru kom fleira áhugavert fram.

María nefndi til að mynda að hún hefði það gjarnan í huga ef hún er að skrifa frétt um viðkvæm mál hvort möguleiki væri á að hún fengi dóm eða verði kærð fyrir skrifin. „Ég hef alveg breytt orðalagi og tekið eitthvað út, þó ég viti alveg að það sé satt og rétt sko, bara út af því að ég óttast að vera dæmd fyrir dómstólum, eða allavega kærð.“ Sjálf sagðist María hafa reyngu af dómsmálum blaðamanna og að hennar upplifun væri sú að dómar væru oft óvægnir gagnvart þeim. Það geti ýtt undir sjálfsritskoðun af hræðslu við kærur eða dóma.

Þá sagði Kristján að hann hafi ritskoðað sig hvað varðar málfar og stafsetningu. „Ef það kemur eitthvað frá manni sem er gríðarlega illa skrifað er maður hræddur um að einhverjum finnist maður heimskur eða vitlaus eða illa máli farinn.“ Þetta dæmi er það eina sem rannsakandi bar kennsl á í viðtalsferlinu sem telst að einhverju leyti til innri sjálfsritskoðunar miðað við skilgreiningar á henni fyrir í ritgerðinni. Kristján segist beita sjálfsritskoðun til að gefa frá sér vandaðra efni. Að því sögðu nefndi hann þó einnig að þar spilaði inn í ótti við utanaðkomandi viðbrögð að því leyti að hann heldur að fólk gæti talið hann heimskan fyrir að skila af sér slöppum texta hvað varðar málfar og stafsetningu.

5.4 Sjálfsritskoðun eigi ekki að standa í vegi fyrir frétt

Tveir viðmælendanna, María og Kristján, minntust á það að þau myndu ekki beita sig sjálfsritskoðun að því marki að þau myndu ekki birta frétt. Þessi umræða kom ekki upp í viðtalinu við Ragnar og því er ekki hægt að segja til um hvort hann sé á sama máli eða ekki.

María segir það ákvörðun hvers og eins blaðamanns hvernig hann ætli að vera í starfi, hvort þú ætlir að fara af fullum þunga í fréttamál eða ekki. „Þetta er allavega ekki fag til að eignast vini.“ Kristján tók í svipaðan streng. Hann sagðist gera sér grein fyrir því að stundum skrifi hann eitthvað sem gæti komið illa við einhvern. „En mér líður eins og yfirleitt láti maður sig hafa það því maður getur ekki verið í þessum bransa til að eignast vini.“ Hann bætti því svo við að blaðamenn ættu að hugsa þannig almennt að ef þeir trúu því að þeir séu með fréttaefni í höndunum sem varðar almenning þá eigi það að fá að komast út. Samræmist þetta vel við 5.

gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands um að blaðamenn eigi að skrifa með eigin sannfæringu að leiðarljósi (BÍ, e.d.).

6 Umræða

Miðað við viðtölin við viðmælendurna þrjá virðist sjálfsritskoðun hjá íslenskum blaðamönnum almennt lýsa sér þannig að hún hafi áhrif á það hvernig fréttæfni er sett fram og hvað kemur fram í því frekar en að hún komi í veg fyrir að mikilvægt fréttæfni fái að birtast almenningi. Til að undirstrika þetta er hægt að horfa í orð Maríu og Kristjáns um að sjálfsritskoðun eigi ekki að koma í veg fyrir frétt. Þá sagði viðmælandinn Ragnar að vegna tengsla sem oft eru á milli fólks á Íslandi færu blaðamenn gjarnan „eins og köttur í kringum heitan graut“. Það má því túlka hans orð þannig að hann fari heldur varfærnislega í það að skrifa um viðkvæm málefni eða einhvern sem hann tengist heldur en að sleppa því alfarið að fjalla um efnið.

Svo virðist sem sú sjálfsritskoðun sem er beitt á meðal íslenskra blaðamanna sé oftast af utanaðkomandi ástæðum, því sem kallast ytri sjálfsritskoðun miðað við lýsingu Birgis Guðmundssonar (2015) á því hugtaki. Miðað við orð viðmælenda eru það tíðarandi, tengsl við annað fólk, réttarkerfið og aðrar utanaðkomandi ástæður sem hafa mest áhrif. Það er þó ekki þar með sagt að innri sjálfsritskoðun sé ekki til hjá íslenskum blaðamönnum. Kristján nefndi það að hann hafi til að mynda ritskoðað sjálfan sig með stafsetningu í huga líkt og komið var inn á hér á undan. Við upplýsingaöflun um sjálfsritskoðun á Íslandi og smærri samfélögum komst rannsakandi að því að tíðarandi og samfélagsumræða virðist hafa töluverð áhrif (Birgir Guðmundsson, 2015). Samræmist þetta vel orðum viðmælenda um sjálfsritskoðun vegna tíðaranda í samfélaginu. Þó ber að hafa í huga það sem viðmælandinn Kristján nefndi varðandi það að hávær minnihluti geti litað umræðuna umfram vægi sitt. Út frá því mætti ætla að orðinu „samfélagsumræða“ þurfi að taka með fyrirvara og að það eigi ekki endilega eingöngu við um skoðun meirihluta í samfélaginu. Í rannsóknum sem áður hafa verið gerðar um sjálfsritskoðun í smærri samfélögum kom einnig fram að umfjöllun geti orðið yfirborðskenndari sökum þess á hve fárra höndum miðlar eru á stöðunum (Guðný Hrund Karlsdóttir, 2021). Miðað við viðtölin við þau Maríu, Ragnar og Kristján virtust slík áhrif þó ekki fá þau til að beita sjálfsritskoðun. Kristján hafði jafnframt orð á því að hann teldi íslenska blaðamenn ekki upplifa sig undir áhrifum hagsmunaaðila. Á heimsvísu eru eigendur fjölmiðla

þó taldir hafa töluverð áhrif á fréttaskrif eins og kom fram í rannsókn *Pew Reseach Center* (2000) og rætt var um í kafla 2.2.

Í rannsóknarskýrslu Alþingis sem var gerð árið 2010 kom fram að takmörkuð atvinnutækifæri á sviði fjölmiðla á Íslandi geti leitt til sjálfsritskoðunar blaðamanna. Það er að segja að þeir gætu ritskoðað sig til þess að eiga meiri möguleika á að fá starf eða haldast í starfi (Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir, 2010). Eins og fram hefur komið dró Birgir Guðmundsson (2015) þessa fullyrðingu í efa. Það gerði viðmælandinn María sömuleiðis:

Sem betur fer, þó hann sé nú ekki stór þessi fjölmiðlamarkaður, þá erum við með nokkrar sterkar ritstjórnir með ólíkar stefnur. Þannig ég held alveg að fólk finni sinn stað. Sumir vilja vera í algjörum harðkjarna fréttum. Þeir geta fundið ritstjórn til þess. Svo er fólk sem vill vera í léttara efni og það getur alveg fundið sinn stað líka. Fjölmiðlun er svo fjölbreytileg auðvitað.

Það er því ljóst að ekki eru allir á sama máli um það hvort smæð íslensks fjölmiðlamarkaðs geri það að verkum að blaðamenn fjalli af sérstakri varkárni um mál til þess að styggja ekki einhvern og útiloka í leiðinni hugsanlega starfsmöguleika sína í framtíðinni. Það var áhugavert að heyra starfandi blaðamann með mikla reynslu úr fjölmiðlum halda því fram að það hefði ekki áhrif þar sem það var nokkuð á skjön við þær hugmyndir sem rannsakandi hafði áður en viðtölin voru framkvæmd. María hafði þó orð á því, líkt og fram kom í niðurstöðukafla, að ákveðinn starfsvettvangur, líkt og menningarumfjöllun og fréttir af þingi, gætu leitt af sér yfirborðskennða umfjöllun. Þó telur hún það ekki hafa með smæð íslensks samfélags að gera.

Eftir að hafa kynnt sér sjálfsritskoðun á alþjóðavísu annars vegar og sjálfsritskoðun á Íslandi og í smærri ríkjum hins vegar komst rannsakandi að því að birtingarmynd hennar getur verið töluvert mismunandi á milli svæða í heiminum. Líkt og fram kom í kafla 2.2 um sjálfsritskoðun á alþjóðavísu eru líflátshótanir til að mynda ein af helstu orsökum þess að blaðamenn ritskoða sig (Yesil, 2014). Dæmin sem skoðuð voru úr fyrri rannsóknum um sjálfsritskoðun á Íslandi og í smærri ríkjum voru ekki eins alvarleg. Þau voru heldur á þann veg að hætta væri á að frétttaflutningur á smáum fjölmiðlamarkaði endurspegluðu hugsanlega ekki hagsmuni almennings heldur frekar eigenda þar sem það er auðveldara fyrir þá að hafa áhrif, til dæmis vegna fjárhags síns, á litlum markaði (Ólafur Eiríkur Þórðarson, 2018). Þá kom einnig

fram að samfélagsumræða hefði töluverð áhrif, líkt og fram kom í rannsókn Birgis Guðmundssonar (2015), sem og í viðtölunum við þau Maríu, Ragnar og Kristján sem framkvæmd voru við gerð þessarar rannsóknar. Dæmið á Íslandi sem gekk ef til vill hvað lengst var það að María óttaðist það að vera kærð eða dæmd fyrir skrif sín.

Þegar viðtölin við viðmælendurna eru borin saman við fyrri rannsóknir sem gerðar hafa verið á Íslandi og öðrum smærri samfélögum má sjá töluverð líkindi. Það sem kom rannsakanda þó mest á óvart miðað við þær upplýsingar sem hann aflaði sér fyrirfram var það að viðmælendurnir minntust ekki á áhrif eigenda fjölmiðla sem hugsanlega ástæðu fyrir sjálfsritskoðun íslenskra blaðamanna. Þvert á móti sagði viðmælandinn Kristján að hann teldi íslenska blaðamenn ekki upplifa sig sem undir áhrifum hagsmunaaðila. Hann var þó sá eini sem minntist á það og því ekki hægt að yfirfæra hans orð yfir á aðra blaðamenn í samfélaginu. Það skal undirstrika það hér að viðmælendur komu ekki fram undir eigin nafni, svo sú hindrun var ekki til staðar er kom að því að tjá sig um jafn viðkvæm mál og hugsanleg áhrif eigenda á sjálfsritskoðun blaðamanna.

7 Lokaorð

Í þeirri rannsókn sem fjallað hefur verið um hér komst rannsakandi að því að það kemur án efa fyrir að blaða- og fréttamenn beiti sjálfsritskoðun af einhverjum toga, bæði á Íslandi og á alþjóðavísu. Í upphafi var spurt að því hvaða þættir leiddu einna helst til sjálfsritskoðunar íslenskra blaða- og fréttamanna og þá hvernig hún litaði starf þeirra. Eins og áður hefur komið fram voru meginþættirnir fyrir sjálfsritskoðun, hjá þeim viðmælendum sem rætt var við, samfélagsumræða og tengsl á milli fólks í því litla samfélagi sem Ísland er. Við lok þessarar rannsóknar er talið að sjálfsritskoðun sé ekki beitt með jafn mikilli hörku á Íslandi og víða annars staðar í heiminum, þ.e. að áhrif hennar séu almennt vægari hér á landi. Nánar til tekið virðist hún frekar hafa áhrif á það hvernig efni er sett fram, frekar en að koma í veg fyrir að mikilvægt fréttaeefni birtist. Þá virðist sem svo að mun algengara sé að íslenskir blaðamenn beiti ytri sjálfsritskoðun, bæði ef horft er til fyrri rannsókna og þessarar.

Til að styrkja rannsóknina frekar hefði verið hægt að velja fleiri viðmælendur er viðtölin voru framkvæmd. Að því sögðu var það metið svo að viðtöl við þrjá starfandi blaðamenn á fremur breiðu aldursbili og með fjölbreyttan starfsaldur gætu, ásamt eldri rannsóknum á efninu, endurspeglad nokkuð vel hvernig sjálfsritskoðun kemur fyrir í íslenskum fjölmiðlaheimi. Það reyndist jafnframt svo að rannsóknin studdi að miklu leyti við eldri rannsóknir af svipuðum toga, eins og áður hefur komið fram. Þá hefði rannsakandi getað stýrt viðtölunum í átt að fleiri þáttum sjálfsritskoðunar með þeim tilgangi að fá fram enn fleiri dæmi um sjálfsritskoðun blaða- og fréttamanna. Það sýndi sig þó við gerð viðtalanna að spurningar rannsakanda hindruðu alls ekki að fleira kæmist að en raun bar vitni þar sem upplýsingar komu í ljós sem teygðu sig töluvert langt út fyrir þau atriði sem sérstaklega var lagt upp með að ræða. Sem dæmi um þetta má nefna það þegar viðmælandinn María nefndi ótta við að fá dóm eða vera kærð sem ástæðu fyrir eigin sjálfsritskoðun.

Eftir framkvæmd þessarar rannsóknar er ljóst að dæmi um sjálfsritskoðun af utanaðkomandi aðstæðum, ytri sjálfsritskoðun, eru ótal mörg. Sé litið til framtíðar væri áhugavert að gera rannsókn meðal íslenskra blaðamanna sem leggur áherslu á innri sjálfsritskoðun. Eins og komið hefur fram hér þá er slík ritskoðun til staðar. Hins vegar var það

svo að þegar rætt var við viðmælendur þá leituðu þeir öllu heldur í dæmi sem sneru að ytri sjálfsritskoðun, hvort það sé sökum skorts á dæmum um innri sjálfsritskoðun eða hugarfari fólks gagnvart sjálfsritskoðun almennt þyrfti svo að skoða betur. Til þess að hægt væri að framkvæma rannsókn um innri sjálfsritskoðun er mikilvægt að vera með tvískiptingu hugtaksins á hreinu, áður en farið er í að skipta þeim upp. Til þess að ná utan um einn hluta hugtaksins er mikilvægt að hafa þekkingu á hinum.

Þegar öllu er á botninn hvolft má segja að sjálfsritskoðun sé stunduð á meðal blaða- og fréttamanna á Íslandi, eða í það minnsta hjá einhverjum þeirra. Ástæður þess geta verið margar. Niðurstaða þessarar rannsóknar samræmist að miklu leyti eldri rannsóknum um hugtakið í tengslum við blaða- og fréttamennsku. Þó er áhugavert að horfa til nokkurra atriða sem fram komu og bæta við þær rannsóknir sem fyrir hafa verið gerðar, sérstaklega á Íslandi. Til dæmis kemur fram hjá viðmælanda í þessari rannsókn að sjálfsritskoðun sé meira stunduð á ákveðnum sviðum fjölmiðla en öðrum, svo sem fréttaumfjöllun af Alþingi eða menningarviðburðum. Getur þetta verið vegna ótta blaða- og fréttamanna sem starfa á þessum sviðum við að missa starf sitt þar sem gjarnan þarf að halda friðinn á þessum stöðum til að fá aðgang að fólkinu. Þó vildi einn viðmælandinn ekki ganga svo langt að segja að blaða- og fréttamenn þyrðu ekki að fjalla af fullum þunga um mál í fjölmiðlum almennt af ótta við að missa starf sitt á sviði fjölmiðla. Það séu nógu fjölbreyttar ritstjórnir á fjölmiðlamarkaðnum á Íslandi til að allir finndu sinn stað.

Heimildir

- Alexandra Tómasdóttir. (2013). *Vörumerkjavirði Lykils fjármögnunar: Samanburður við samkeppnisaðila og tengsl við söluráða*. [Meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/14654>
- Bar-Tal, D. (2017). Self-Censorship: The Conceptual Framework, í D., Bar-Tal, R., Nets-Zehngut og K. Sharvit (ritstjórar) *Self-censorship in contexts of conflict: Theory and research*, 1-18. Cham, Sviss.
- Birgir Guðmundsson. (2015). Sjálfritskoðun íslenskra blaðamanna. *Stjórnsmál og Stjórnsýsla*, 11, 55-70. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2015.11.1.4>
- Biswal, S. (2018). *The murder of Jamal Khashoggi: How safe are journalists?* Foreign Policy News. Sótt af: [The murder of Jamal Khashoggi.pdf \(jgu.edu.in\)](#)
- Cook, P. og Heilmann, C. The Types of Self-Censorship: Public and Private. *Political Studies*, 61, 178-196. <https://doi.org/10.1111/j.1467-9248.2012.00957.x>
- Çipuri, R. (2015). *Reasons of self-censorship landscape for journalists*. AAB College.
- Flick, U. (2009). *An introduction to Qualitative research*. London, England: SAGE publications.
- Guðbjörg Hildur Kolbeins. (2012). „Siðferði og starfshættir íslenskra blaða- og fréttamanna“, í Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir (ritstjórar) *Þjóðarspejillinn, Rannsóknir í félagsvísindum*, XIII Félags og mannvísindadeild, 1-13. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Hrund Karlsdóttir. (2021). *Rekstrargrundvöllur einkarekinna fjölmiðla á Íslandi: Rannsókn á ársreikningum fjölmiðlafyrirtækja*. [Meistararitgerð, Háskólinn á Akureyri]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/38932>
- Hanitzsch, T og Vos, T. (2016). Journalism beyond democracy: A new look into journalistic roles in political and everyday life, *Journalism*, 19 (2) 146-164. <https://doi.org/10.1177/1464884916673386>
- Herman, Edward S. og Noam Chomsky (1988). *Manufacturing Consent: The Political Economy of the Mass Media*. New York: Pantheon.

- Holcomb, J. og Mitchell, A. (2014). *Revenue Sources: A Heavy Dependence on Advertising*. Pew Research Center. [Revenue Sources: A Heavy Dependence on Advertising | Pew Research Center](#)
- Horton, J. (2011). Self-censorship. *Res Publica*, 17, 91-106 17. [10.1007/s11158-011-9145-3](#)
- Kenny, T. og Gross, P. (2008). *Journalism in Central Asia: A Victim of Politics, Economics, and Widespread Self-censorship*. Doi: [10.1177/1940161208324644](#)
- Miller, Dale T. (2005). *An Invitation to Social Psychology: Expressing and Censoring the Self*. Cengage Learning.
- Ólafur Eiríkur Þórðarson. (2018). *Breyttum við rétt? Umfjöllun um breytingar á námstíma til stúdentsprófs*. [Meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/29500>
- Pew Research Center. (2000). *Self Censorship: How often and why*. Sótt af: [Self Censorship: How Often and Why | Pew Research Center](#)
- Sturges, P. (2008). Self-Censorship: *Why do we censors' work for them?* Sótt af: [SAVE POLICE TIME, BEAT YOURSELF UP: \(ifla.org\)](#)
- Vilhjálmur Árnason, Salvör Nordal og Kristín Ástgeirsdóttir. (2010). *Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008*. Í Páll Hreinsson, Sigríður Benediktsdóttir og Tryggvi Gunnarsson (ritstj.), Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir (8. bindi). Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis.
- Wengraf, T. (2001). *Qualitative Research Interviewing: Biographic Narrative and Semi-Structured Methods*. SAGE.
- Yesil, Murat M. (2014). The Invisible Threat for the Future of Journalism: Self-censorship and Conflicting Interests in an Increasingly Competitive Media Environment. *International Journal of Business and Social Science*, 5 (3) 71-78. [\(PDF\) The Invisible Threat for the Future of Journalism: Self-Censorship and Conflicting Interests in an Increasingly Competitive Media Environment \(researchgate.net\)](#).
- Zuffova, M. og Carlini, R. (2021). *Safety of Journalists in Europe: Threats and best practices to tackle them*. [\(PDF\) Safety of journalists in Europe: Threats and best practices to tackle them \(researchgate.net\)](#)